

BMF-2015-10 Markaðskynning ferðamála á Breiðdalsvík

Sótt er um styrk svo hægt sé að manna hálfu stöðu, á ársgrundvelli, markaðsfulltrúa ferðamála á Breiðdalsvík. Um er að ræða fjármögnun á hálfu starfi sem hefði það að aðalmarkmiði að markaðssetja Breiðdalsvík sem áhugaverðan kost fyrir ferðamenn, yfir vetrartímann.

Breiðdalsvík býr yfir áhugaverðum kostum varðandi vetrarferðamennsku sem mætti nýta betur. Má þar nefna norðurljós, hreindýr, jeppaferðir og ljósmyndun, svo dæmi séu tekin. Með þessum hætti mætti gera betur í að laða að ferðamenn til Breiðdalsvíkur yfir vetrarmánuðina. Markaðsfulltrúi myndi vinna náið með þeim ferðaþjónustuaðilum sem eru á svæðinu og í samstarfi við þá.

Markaðsfulltrúi

hefði vinnuáðstöðu á Hótel Bláfelli sem myndi leggja til starfsaðstöðu, þekkingu, ásamt því að hafa yfirumsjón með verkefninu, sem hugsað er til eins árs.

Verkefninu var úthlutað 2.600.000 kr. árið 2015.